



# Djúpmolar

4 febrúar 2005

Útgefandi: Súðavíkurhreppur  
Umsjón: Ómar Már Jónsson  
Ábyrgðarm: Guðjón Kjartansson

## Fréttabréf Súðavíkurhrepps

1. tölublað  
10. árgangur

### Fréttabréf Súðavíkurhrepps hefur göngu sína á ný

Ákveðið hefur verið að endurvekja útgáfu fréttabréfs Súðavíkur. Byrjað var að gefa út fréttabréf Súðavíkur árið 1995 og fjallaði það þá að mestu um uppbygginguna í Súðavík eftir snjóflóðin og málefni tengd því og var það gefið út allt fram til ársins 2000. Nú, þegar ganga þess hefst á ný er ætlunin að gefa það út 4 til 5 sinnum á ári og að efni þess verði tengt málefnum alls sveitarfélagsins. Útliti fréttabréfsins hefur verið breytt og einnig var ákveðið að skipta um nafn á því og að það yrði gefið út undir nafninu **Djúpmolar**, en það vísar í fréttamola úr öllu sveitarfélaginu við Djúp. Djúpmolar verða sendir inn á öll heimili og lögbýli í Súðavíkurhreppi og leitast verður við að efni Djúpmola höfði til sem flestra. Í Djúpmolum verður að finna efni sem tengist samfélaginu, félagslífinu, atvinnumálum, framtíðarsýn, skólamála o.fl. Jafnframt verður leitast við að taka það markverðasta úr fundargerðum sveitarstjórnar hverju sinni og gera umfjöllun um eins og kostur er og málefni leyfa hverju sinni.

### ADSL kemur til Súðavíkur í febrúar og möguleiki verður á að ná 43 sjónvarpsrásum

Aðilar Símans hafa staðfest að ADSL nettengingar verði mögulegar í Súðavík fyrir mánaðarmótin febrúar / mars nk. Ákvörðun Símans um að setja upp ADSL tengingar í Súðavík var tekin í kjölfar undirskriftalista, þar sem íbúar Súðavíkur skrifuðu undir umsókn um ADSL þjónustu og skuldbundu sig til að gerast áskrifendur að þjónustunni í a.m.k. eitt ár. Ekki er ljóst hvort hraði nettengisambands verði meiri en Súðvíkingar eiga kost á, í dag, en aðrir möguleikar opnast við að fá þessa þjónustu. M.a. verður hægt að ná útsendingum Skjás eins og einnig verður hægt að fá áskrift að 40 erlendum sjónvarpsrásum.

Í lok febrúar nk. má því búast við því að Súðvíkingar eigi kost á að velja á milli 40 erlendra sjónvarpsrása og þriggja innlendra. Það verður að teljast veruleg aukning frá því sem verið hefur en til þessa hafa Súðvíkingar aðeins átt kost tveimur sjónvarpsrásum, RÚV og Stöð 2.



### Eftirfylgni íbúafings Súðavíkurhrepps sem haldið var í mars 2004



Á íbúafinginu sem haldið var 13. mars 2004 undir yfirskriftinni „*Til móts við nýja tíma*“ voru skipaðir verkefnahópar til að koma með tillögur að verkefnum í völdum málaflokkum, sem þeir töldu mikilvægt að sveitarstjórnin muni fara í og hefði það að markmiði að gera samfélagið betra á einn eða annan hátt.

Á 42. fundi sveitarstjórnar sem haldin var 10. ágúst sl. var síðan farið yfir niðurstöður íbúafingsins, staða verkefna skoðuð og þeim forgangsraðað eftir mikilvægi, að álitum sveitarstjórnar. Eftir flokkun og endurskoðun kom í ljós, að um var að ræða samtals 55 ólík verkefni sem gerðar voru tillögur um. Verkefnin voru allt frá því að koma upp ísvél í Víkurbúðinni sem byði upp á ís frá Kjörís, í það að koma upp skíðalyftu. Þrátt fyrir að sveitarstjórnin hafi tekið jákvætt í margar tillögurnar, þá er ljóst að tíma tekur að komast í gegn um þær allar og sumar hverjar getur tekið mörg ár að undirbúa og framkvæma.

Það sem var ánægjulegt hvað íbúafingið varðar, var sú mikla þátttaka, vilji og metnaður sem einkenndi störf þeirra sem tóku þátt og er samstaða um innan sveitarstjórnar að taka til hendinni varðandi þau málefni sem skilgreind voru sem brýn verkefni. Til að upplýsa um stöðu mála nú, þá komu fram, eins og áður sagði tillögur að 55 verkefnum og af þeim er búið að framkvæma eða ljúka 8 verkefnum sem gerðar voru tillögur um, 11 verkefni sem gerðar voru tillögur um er verið að vinna í, 6 verkefni var sveitarstjórn sammála um að koma í framkvæmd, 14 verkefni þarf að skoða frekar áður en ákvörðun er tekin um framhald og síðan voru 16 tillögur að verkefnum sem sveitarstjórn hafnar á þessum tíma eða hefur ekki möguleika á að fara í að öðrum ástæðum, s.s. hefur ekkert með málið að gera.

## Yfirlit yfir tillögur íbúafingsins að verkefnum og forgangsröðun þeirra

Forgangsröðun sveitarstjórnar á verkefnum var skipt upp í fimm flokka. Verkefni sem fóru í **1. flokk** eru verkefni sem er lokið eða hafa verið framkvæmd. Verkefni sem fóru í **2. flokk** eru verkefni sem verið er að vinna í. Í **3 flokk** fóru verkefni sem brýnt er að fara í, að áliti sveitarstjórnar, í **4 flokk** féllu verkefni sem vilji er fyrir að skoða nánar en afla þarf frekari upplýsinga um, áður en ákvörðun er tekin og í **5 flokk** fóru verkefni sem er hafnað á þessum tímamarki eða er ekki í valdi sveitarstjórnar að verða við.

### 1. flokkur: VERKEFNUM SEM ER LOKIÐ

1. Færa innra byggðamerki Súðavíkur nær Langeyrar afleggjaranum.
2. Leita leiða til að auka fjölbreytileika í tónlistarnámi hér þannig að meira val sé fyrir hendi.
3. Endurskoða leiguverð á húsnæði skólans og taka tillit til umfangs og rasks í kringum hvern viðburð.
4. Setja upp ruslafötur á ljósastaura og við steinbekki í innri byggðinni.
5. Að leita leiða til að tryggja fjármagn til að endurbyggja Eyrardalsbæinn.
6. Að ákveða svæði í grennd við Súðavík til að skipuleggja sem sumarbústaðasvæði.
7. Að laga gróðurbeð Arnarflatar húsanna.
8. Að beitar sér fyrir því að fleiri hús verði byggð í Súðavík.

### 2. flokkur: VERKEFNI SEM ER VERIÐ AÐ VINNA Í

1. Að upplýsingaskiltum verði komið upp í Súðavík.
2. Að skapa hér fjölbreytt atvinnutækifæri, þannig að fólksfjölgun verði í þorpinu.
3. Láta ganga betur frá svæðinu kringum vatnsveituna.
4. Að leita leiða til að ná niður umferðahraðanum í gegn um alla byggðina, t.d. með hraðahindrunum.
5. Að verja svæðið umhverfis tjörnina fyrir ágangi sjávar.
6. Að sveitarfélagið leiti leiða til að laða til sín ný fyrirtæki með því að hjálpa þeim af stað í rekstrinum.
7. Að beita sér fyrir því að lækni komi í heilsugæslustöðina, þá daga sem þar á að vera lækni.
8. Láta setja handrið á Eyrardalsbrúnna.
9. Að leita leiða til að koma á smíðakennslu fyrir grunnskólabörn Súðavíkurskóla.
10. Að gefa nemendum í efri deildum kost á meira vali í stundatöflu í verklegri kennslu t.d. smíðar og/eða ljósmyndun.
11. Koma upp sendum til að hægt sé að sjá sjónvarpstöðina Skjá einn.

### 3. flokkur: VERKEFNI SEM BRÝNT ER AÐ KOMA AF STAÐ

1. Að kanna möguleikann á því að setja hér upp sundlaug og heita potta.
2. Að þrýsta á að gera jarðgöng frá Sauradal yfir í Engidal.
3. Að láta hreinsa til við verksmiðjuhúsið á Langeyri.
4. Beita sér fyrir því að láta moka oftari niður við höfn um vetur og að láta moka af gangstéttum.
5. Laga þarf hvernig staðið er að sandburði vegna hálkuvarna, en sandinum er oft þeytt allt of langt og of mikið af honum.
6. Félagsmiðstöðin mætti vera í meira sambandi við aðrar félagsmiðstöðvar á svæðinu.

### 4. flokkur: VERKEFNI SEM VILJI ER TIL AÐ SKOÐA NÁNAR, EN LEITA ÞARF FREKARI UPPLÝSINGA UM ÁÐUR EN ÁKVÖRDUN ER TEKIN

1. Það mætti setja upp vegasalt og klifurgrind á skólavöllinn fyrir börnin.
2. Láta laga opna svæðið innan Álfabyggðar.
3. Láta skipuleggja og setja upp aðstöðu í Súðavík til að byggja kofa og slíkt.
4. Láta setja upp ramp á skólavöllinn fyrir hjólabretti, línuskauta og hlaupahjól.
5. Laga þarf göngustíginn milli Holtagötu og Grundarstrætis, þannig að hægt sé að keyra barnavagn eftir honum og einnig þarf að láta lýsa hann upp.
6. Það mætti lýsa upp göngustíginn við Eyrardal og halda áfram með hann fram að Aðalgötu.
7. Láta skipuleggja útivistarsvæði kringum Langeyrartjörnina.
8. Að hefjast handa við að safna saman upplýsingum um kennileiti í Álftafirði og í Djúpinu öllu.
9. Að sveitarfélagið komi til móts við bændur vegna smalamennsku með fjárframlagi og gert mögulegt að leita úr lofti.
10. Að láta rannsaka hvort heitt vatn sé að finna í grennd við Súðavík.
11. Skoða möguleikann á því að gera Súðavík að vistvænu samfélagi þar sem endurnýting sorps og notkun vistvænna efna yrði höfð í hávegum.
12. Að láta gera hólma í Langeyrartjörnina fyrir fugla.
13. Að láta hreinsa til í öllum hreppnum, og sérstaklega á þeim stöðum þar sem farið er að safnast saman drasl sem veldur sjónmengun.
14. Skapaður verði grundvöllur fyrir samveru eldri og yngri Súðavíkinga (fyrir utan skólaskemmtanir) s.s. handverkshús og / eða leikflokk.

## 5. flokkur: VERKEFNI SEM SVEITARSTJÓRN HAFNAR Á ÞESSUM TÍMAPUNKTI, EÐA ER EKKI Í VALDI SVEITARSTJÓRNAR AÐ VERÐA VIÐ

1. Að koma upp skautasvelli á Langeyrartjörninni og að hún verði flóðlýst og með eftirlitsmanni.
2. Skíðasvæði verði komið upp í Álftafirði.
3. Að girða af fótboltavöllinn við Vallargötu og setja upp ný og minni mörk.
4. Koma upp útivistarsvæði í gamla þorpinu.
5. Mikilvægt að fá betri heildarmynd af bænum, með því að setja upp fjölbreyttari gróður s.s. blóm og þ.h.
6. Hreinsa þarf "drasl" fyrir neðan blokkina að Aðalgötu 2, í ytri byggðinni.
7. Skoðaðir verði möguleikar á gömlu grjótnámunni fyrir ofan innri byggðina, þ.e. framtíðarhlutverk hennar.
8. Setja upp litla bryggju við innsta bilið í verksmiðjunni á Langeyri þar sem hægt væri að stýra litlum rafknúnum bátum frá og gera aðgengi fyrir vatnaþotur.
9. Að byggt verði utan um svæðið sem hefur verið notað fyrir áramótabrennuna og gengið þannig frá svæðinu að það verði ekki "ruslahaugur".
10. Að athugað verði með mögulega styrki í einhverri mynd fyrir dreifbýlisbæi til að standa undir kostnaði við umhirðu síns svæðis ef þess þarf.
11. Að graseyjurnar sem þrengja göturnar í innri byggð Súðavíkur verði fjarlægðar og malbikað í staðinn.
12. Beita sér fyrir því að boðið verði upp á hálf dags störf í frystihúsinu. Margir foreldrar myndu þá verja meiri tíma til samfélagsverkefna eða með börnum sínum.
13. Eftt verði til samveru s.s. „götugrills“ eða götuskötu til að treysta böndin.
14. Þorpsbúar skipuleggi samveru á Jóni Indíafara eða í samkomuhúsinu.
15. Gera nemendum grunnskóla mögulegt að hafa meira samneyti við unglunga í öðrum skólum á svæðinu til að styrkja félagsleg tengsl.
16. Lata setja upp senda hér til að ná sjónvarpstöðinni Sýn og útvarpsstöðinni Bylgjunni.

### Þátttaka Súðavíkurhrepps í úrbótum á vatnsveitum lögbýla í Djúpi

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti á 44. fundi sínum sem haldinn var 29. september sl. að taka þátt í kostnaði með þeim bændum í Súðavíkurhreppi sem þurfa að ráðast í úrbætur á vatnsbólum sínum, en samkvæmt reglugerð nr. 536/2001 er lögbýlum gert skylt að vera með starfsleyfi fyrir vatnsveitur sínar. Kostnaðarþátttaka Súðavíkurhrepps nemur allt að 46% af heildarkostnaði vegna úrbóta.

### Stuðningur við ferðapjónustuaðila í dreifbýli

Á 34. fundi sveitarstjórnar sem haldin var 4. febrúar 2004 var ákveðið að veita þeim ferðapjónustuaðilum í dreifbýli umhverfisstyrk sem eru með fasteignir skráðar í B flokk fasteignagjalda. Umhverfisstyrkurinn var ákveðin til þriggja ára, fyrir árin 2004, 2005 og 2006 og nemur 50% af álögðum B fasteignagjöldum fyrir hvert ár. Til að aðilar njóti hans þurfa þeir að uppfylla eftirfarandi forsendur:

- \* Séu með rekstur sem sinnir ferðapjónustu.
- \* Að fasteignir sem notaðar eru til rekstursins séu skráðar í B flokk fasteigna og séu í dreifbýli Súðavíkurhrepps.

Tilgangurinn með veitingu styrksins er að jafna samkeppnistöðu ferðapjónustuaðila í sveitarfélaginu og gera þeim kleift að eflast enn frekar.

### Endurbætur á félagsheimilinu í Súðavík að innanverðu

Fyrirhugað er að endurbætur á félagsheimilinu í Súðavík að innanverðu hefjist á næstu vikum. Eins og kunnugt er, var ráðist í endurbætur á húsinu að utanverðu sumarið 2003 og var full þörf á því, þar sem húsið var illa farið. Nú er fyrirhugað að fara í lagfæringar að innanverðu, m.a. endurbætur á rafkerfi, hitakerfi og komið verður fyrir lítilli eldhúsaðstöðu innst í húsinu. G.S. trésmíði ehf mun sjá um endurbæturnar og er áætlað að þær taki 3 til 4 vikur.

Á 28. fundi sveitarstjórnar var tekin fyrir beiðni Kvenfélagsins Iðju um að Súðavíkurhreppur tæki yfir 10% hlut félagsins og samþykkti sveitarstjórnin það. Eftir þá eignabreytingu er eignahlutur Súðavíkurhrepps í félagsheimilinu 65% og eignahlutur Verkalýðsfélags Vestfirðinga 35%.

### Þorablót íbúa Súðavíkurhrepps

Hið þekta og þjóðkunna þorablót íbúa Súðavíkurhrepps verður haldið í íþróttahúsi grunnskólans, laugardaginn 12. febrúar nk. Ungmennafélagið Geisli sér um blótið í ár og er nú hafin undirbúningur að leikatriðum sem munu gera samfélaginu skil á nýliðnu ári.



## Litið yfir verkefni ársins 2004 og verkefni fyrirhuguð á árinu 2005

*Á þeim tímamótum sem nú er, árið 2004 nýliðið, nýtt ár hafið göngu sína, þá er kjörið að fara aðeins yfir þau mál sem stóðu upp úr á árinu 2004 fyrir sveitarfélagið Súðavíkurhrepp og íbúa þess.*

### Fjármagn tryggt til að hefja endurbætur á Eyrardalsbænum

Súðavíkurhreppi hefur verið úthlutað á fjárlögum 4. mkr. til að hefja endurbætur á Eyrardalsbænum. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna endurbóta nemi 30 mkr. og að þeim geti verið lokið árið 2010. Taka þarf ákvörðun um hvaða tilgangi húsið eigi að þjóna í framtíðinni, en heyrst hafa hugmyndir eins og „þjónustumiðstöð“ fyrir ferðamenn á sumrin, „Hrefnu- og hvalasafn“ sem geri veiðum og vinnslu skil í hreppnum fyrr á öldum, „Rækjuveiði- og vinnslusafn“ sem geri sögu rækjuveiða og rækjuvinnslu skil til dagsins í dag.




### Byggðakvóta úthlutað til Súðavíkur

Á síðasta fiskveiðiarí var úthlutað til Súðavíkur 30 tonna byggðakvóta eftir að Súðavíkurhreppur sótti um. Markmiðið með því að sækja um, var að hér mætti koma á fót lítilli bolfiskvinnslu. Að fá úthlutað byggðakvóta var stór áfangi út af fyrir sig og ekki síður þegar úthlutað var til Súðavíkur 150 þorskígildistonnnum á núverandi fiskveiðiarí 2004/2005. Súðavíkurhreppur hefur nú auglýst eftir umsóknum um 150 tonn byggðakvótann, eftir þeim reglum er Súðavíkurhreppur hefur sett og gilda skulu um úthlutunina og er ætlunin að úthlutaðum byggðakvóta verði unnin í fiskvinnslunni sem verið er að setja upp að Njarðarbraut 14.

### Ákvörðun tekin um að byggja tvö einbýlishús við Holtagötu

Undanfarin ár hefur verið mikill húsnæðisskortur í Súðavík. Vegna þess var sett í gang vinna innan sveitarstjórnar með það að markmiði að fjölga hér húsnæði. M.a. voru tekju og eignaviðmið viðbótarlána hækkuð þannig að nær allir hefðu aðgang að slíkum lánnum hvort sem var vegna nýbygginga eða vegna kaupa á eldri eign. Nokkrar eignir skiptu um eigendur en ekki var ráðist í nýbyggingar.

Í lok ársins 2004 var síðan gengið frá samningi við Eldafl ehf í Njarðvík um að byggja tvö einbýlishús sem munu rísa við Holtagötu 8 og 12 í Súðavík. Húsin eru 177 fm<sup>2</sup> timburhús og er áætlað að byggingu þeirra verði lokið í ágúst nk. og eru þau hugsuð til útleigu.



### Ritun byggða- og atvinnusögu fyrrum Súðavíkurhrepps

Á árinu 2004 var stofnað áhugamannafélagið Sögufélag Súðavíkurhrepps og í stjórn þess voru skipuð, fyrir hönd félags Álft- og Seyðfirðinga vestra, Egill Heiðar Gíslason, Guðrún Friðriksdóttir og til vara Sigurborg Kristjánsdóttir. Fyrir hönd Súðavíkurhrepps voru skipuð Barði Ingibjartsson, Jón Ragnarsson og Sigurdís Samúelsdóttir og Salbjörg Þorbergsdóttir til vara. Tilgangur félagsins er að sjá um ritun byggða- og atvinnusögu fyrrum Súðavíkurhrepps. Gert hefur verið samkomulag við Eirík Pál Jörundsson, sagnfræðing um söguritunina. Sótt var um fjárhagslegan styrk til verkefnisins á fjárlögum fyrir árið 2005 og var verkefninu, úthlutað kr. 1. mkr. á fjárlögum.

### Lokið við annan áfanga við tjaldsvæðið

Á árinu 2004 var lokið við 2. áfanga við gerð tjaldsvæðis í Súðavík sem fólst í að setja upp þjónustuhús við tjaldsvæðið. Á árinu 2005 er ætlunin að koma upp aðstöðu fyrir fellihýsi, húsbíla og tjaldvagna og einnig aðstöðu fyrir þá til að tæma skolvatn og af salerni. Í þeim áfanga er einnig fyrirhugað að gróðursetja og snyrta svæðið umhverfis tjaldsvæðið.

### Atvinnuhúsnæði á Langeyri

Á árinu 2004 var lokið við fyrsta áfangann við byggingu atvinnuhúsnæðis á Langeyri. Það fólst í framkvæmdum við lagna og gatnakerfi og er stefnt að því á árinu 2005 að setja upp tvö atvinnuhúsnæði á Langeyri samtals um 1.100 fm<sup>2</sup> og að húsin verði tekin í notkun á árinu 2005. Í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur verið unnið að því að setja á stofn frumkvöðlasetur á Langeyri, þegar húsin eru risin. Stefnt er að því að nýta að mestu annað húsið undir þá starfsemi. Leitað var eftir stuðningi til að þróa frumkvöðlaseturshugmyndina enn frekar og var Súðavíkurhreppi úthlutað 2. mkr. á fjárlögum til þess verkefnis á árinu 2005.

## Samantekt og framhald verkefna

Sú upptalning sem hér hefur farið fram sýnir aðeins hluta af þeim verkefnum sem var ýtt af stað á árinu 2004, en ljóst er að árið var að mörgu leiti gott og efldi samfélagið hér á marga vegu.

Árið 2005 mun þó að öllum líkindum verða jafnviðburðarríkt, ef ekki viðburðaríkara. Tvö megin markmið standa upp úr þegar farið er yfir mikilvægi verkefna sveitarstjórnar á árinu 2005. Þar ber fyrst og fremst að nefna mikilvægi þess að bregðast enn frekar við þeim húsnæðisskortum sem hér hefur verið undanfarin ár. Án húsnæðis getum við ekki fjölgað í byggðinni, sem er Súðavík mjög mikilvægt en með auknum íbúafjölda munu tekjur sveitarfélagsins aukast og samfélagið eflast að sama skapi. Næst mikilvægasta verkefnið eru atvinnumálin. Þar er brýnt að hér skapist fleiri og fjölbreyttari störf með einum eða öðrum hætti. Miðað við þá vinnu sem er í gangi nú eru miklar vonir bundnar við að árangur síðustu missera fari að líta dagsins ljós.